



**ORKUSTOFNUN**  
Vatnsorkudeild

**Ingibjörg Kaldal  
Skúli Víkingsson**

# **BLÖNDUVIRKJUN**

**Jarðgrunnur á lónstæði og mat á  
áhrifum lónsins á jarðvegseyðingu**

**OS82005/VOD02**  
Reykjavík, janúar 1982



# ORKUSTOFNUN

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

**ÁGRIP:** Jarðgrunnur á lónstæðinu skiptist aðallega í jökulruðning og jökulársæti. Jökulruðningurinn er ýmist botnruðningur, sem myndar ýmis konar straumlinuform (jökullöldur, tagloldur og jökulkembur) eða leysingarruðningur í óreglulegum hólum. Jökulársæti hefur ýmist myndast sem malarásar eða sandar (jökuláraurars). 1 km sunnan Blöndutjarna eru merki um fornan jökuljaðar. Á sama tíma myndaðist lónset á nyrðri hluta lónskálarinnar. Lón þetta hvarf begar farvegur Blöndu grófst dýra og ræsti það fram. Jarðvegur er viðast fremur punnur. Meðalþykknun hefur verið 0,3-0,4 mm/ári síðastliðin 900 ár. Uppblástur er á lónsvæðinu í premur geirum. Uppblástur verður einkum með þeim hætti að sandur fýkur út á gróð land, sverfur það, kaffærir gróður og drepar. Hugsanleg áhrif lónsins á jarðvegseyðingu f nágrenni þess eru rædd og komist að þeirri niðurstöðu, að það eina sem valdið geti aukinni jarðvegseyðinu sé uppfok sands úr lónskálinni, sérstaklega norðan Galtarárfloða. Fínkorna efni, sem safnast í lónið og gæti fokið úr því, er í allt of litlu magni til þess að jarðvegsþykknun af völdum áfoks þess geti valdið aukinni jarðvegseyðingu.

**Ingibjörg Kaldal  
Skúli Þorsteinsson**

# BLÖNDUVIRKJUN

**Jarðgrunnur á lónstæði og mat á  
áhrifum lónsins á jarðvegseyðingu**

**OS82005/VOD02**

**Reykjavík, janúar 1982**

## EFNISYFIRLIT

	bls.
<b>ÁGRIPI.....</b>	<b>1</b>
<b>EFNISYFIRLIT.....</b>	<b>2</b>
<b>1 INNGANGUR.....</b>	<b>3</b>
<b>2 JARDGRUNNUR Á LÓNSTÆÐI.....</b>	<b>3</b>
2.1 Botnruðningur - jökulöldur - jökulkembur - taglöldur.....	3
2.2 Leysingarruðningur - jökulárset - malarásar.....	3
2.3 Fornar jökuláreyrar.....	3
2.4 Lónset.....	3
2.5 Jökuljaðarmyndanir við Blöndutjarnir.....	4
<b>3 JARDVEGUR.....</b>	<b>4</b>
<b>4 UPPBLÁSTUR Á LÓNSTÆÐINU.....</b>	<b>5</b>
<b>5 HUGSANLEG ÁHRIF LÓNSINS Á JARDVEGSEYÐINGU.....</b>	<b>6</b>
5.1 Sandburður með Blöndu.....	7
5.2 Rof við bakka lónsins.....	7
5.3 Bakvatnsáhrif lónsins og skriðuhætta.....	8
5.4 Óseyramyndun.....	8
5.5 Sandburður með ströndum lónsins.....	9
5.6 Áhrif fínkorna áfoks.....	10
5.7 Niðurstöður.....	11
<b>HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>11</b>

## MYNDASKRÁ

<b>1 Jarðgrunnssnið á lónstæði.....</b>	<b>3</b>
<b>2 Jarðgrunnssnið á lónstæði.....</b>	<b>5</b>
<b>3 Jarðgrunnssnið á lónstæði.....</b>	<b>6</b>
<b>4 Jarðgrunnssnið á lónstæði.....</b>	<b>7</b>
<b>5 Jarðvegur og uppblástur á lónstæði.....</b>	<b>8</b>
<b>6 Landslag á lónstæði.....</b>	<b>9</b>
<b>7 Sýnatökustaðir.....</b>	<b>10</b>
Jarðgrunnskort (í vasa)	

## LJÓSMYNDIR

Ljósmynd 1: Virkur uppblástursjaðar norðanvert í öfuguggavatnshæðum við fjárgirðingu ofan Fossdals. Í fok sandinum ber mikið á ljósum kornum úr öskulaginu Hl.

Ljósmynd 2: Horft norður eftir vesturjaðri uppblástursgeira þeim, sem liggur frá Blöndutjörnum í átt að Ullarfloða. Fyrir miðri mynd er virkur jaðar, sandhryggur, sem liggur þvert á stefnu geirans. Til hægri sést meginhluti geirans teygjast norður í átt að Ullarfloða, þar sem hann kafnar í röku landi um 1 km sunnan flóans.

Ljósmynd 3: Rofbörð í Lambasteinsdragi.

Ljósmynd 4: Ísýttur garður við suðvestanverða Drístiklu.

## VIÐAUKI

KORNASTÆRDARGREININGAR (töflur um sigtuð sýni og ferlar þeirra)

## 1 INNGANGUR

Sumarið 1978 var höfundum bessarar skýrslu falið að gera jarðgrunnskort af fyrirhuguðu lónstæði Blönduvirkjunar á Auðkáluheiði, einkum með það að markmiði að hægt yrði að meta hættu á jarðvegseyðinu af völdum lónsins. Útivinna stóð í um fjórar vikur. Við rannsókninnar var notast við svokallaðan skóflubor. Honum er snáið niður með handafli og tekin upp hreyfð sýni jafnöðum. Komast má niður á um 3 m dýpi í fínkorna seti. Þar sem skóflubornum varð ekki við komið voru grafnar holur með skóflu niður á hálf til eins metra dýpi. \*) Sýni voru tekin á völdum stöðum og þau síðan kornastærðargreind veturnn 1979-1980. (Sýnatökustaðir eru merktir á korti á mynd 7). Dessa skýrsla greinir frá niðurstöðum rannsóknanna og hugleiðingum um rof- og uppblásturshættu.

## 2 JARÐGRUNNUR Á LÓNSTÆÐINU

### 2.1 Botnruðningur - jökulöldur - jökulkembur - taglöldur

Jökulruðningur þekur stór svæði á Auðkáluheiði og ber landslag heiðarinnar þess augljós merki. Helstu landslagseinkenningar eru lágar öldur, sem sýna skriðstefnu jökulsins, sem hörfði suður heiðar í lok Ísalda. Slíkar öldur kallast jökulöldur (drumlin). Þær hafa oft meiri eða minni kjarna úr föstu bergi þótt þess sjáist sjaldnast merki á yfirborði. Yfirborð jökulruðningsins er að auki alesett mun fingerðari landformum, sem hér eru kölluð jökulkembur (e: flutings). Þær eru að mestu leyti úr jökulruðningi og myndaðar við upphleðslu skammt innan við jaðar virks jöklus. Þær stefta í norðorðvestur og sýna síðustu skriðstefnu jökuls mun skýrar en jökulöldurnar.

Berggrunnur rís á fáeinum stöðum upp úr jökulruðningnum. A norðanverðri heiðinni má á stöku stað sjá bergkolla í suðurenda jökulkembanna og norður úr þeim langan rana úr jökulruðningi sem hlaðist hefur upp í hléi við bergkollinn. Þetta heitir á ensku "crag-and-tail" og má kalla taglöldu á íslensku \*2). Eyjan í stærstu Lómatjörninni (norðaustan við Friðmundarvatn) er mjög fallegt dæmi um taglöldu. Hin rennilegu form, jökulkembur og taglöldur eru úr botnruðningi a. m. k. á yfirborði. Sýni 9, 18 og 19 eru úr slíkum botnruðningi vestan lónstæðis. (Sýnatökustaðir eru sýndir á mynd 7 en kornastærðarferlar í viðauka). Sýni 8 og 36 eru úr botnruðningi norðar á heiðinni.

\*) Snið af þessum holum eru sýnd á myndum 1-4. Staðsetningar sniða eru sýndar á meðfylgjandi jarðgrunnskorti (í vasa).

\*) Orðið taglalda hefur Helgi Hallgrímsson (Hörður Kristinsson og ... 1977) búið til og notar hann það í viðri merkingu um jökulkembur. Það orð mun hins vegar komið frá Sigurði Þórarinssyni. Okkur pykir orðið taglalda mjög lýsandi fyrir "crag-and-tail".

### 2.2 Leysingarruðningur - jökulársæt - malarásar

Viða á lónstæðinu myndar jökulruðningur annars konar form, óreglulega hauga, hryggi o.s. frv. Þessi form einkenna leysingarruðning. Hann er mjög misjafn að gerð ekki síður en ytri lógun landforma. Viða má finna jökulársæt á slíkum svæðum. Við Blönduvatn er víðáttumikið svæði malarásar. Ásarnir sjálfir eru úr jökulársæti en á milli þeirra er leysingarruðningur sem leggst upp að þeim og hylur þá viða alveg, en annars staðar stendur jökulársætið upp úr á hæstu hlutum ásanna. Virðist svo sem ruðningurinn hafi sigið niður í lægðirnar og við það hafi gróft jökulársæti ásanna stungist upp úr. Á svæði því norðan við Kolkuflóa, sem merkt er leysingarruðningur á jarðgrunnskorti, er svipað ástatt og við Blönduvatn. - Setlög af þessu tagi einkenna dauðíssvæði, p.e. þar sem jökulhlutar hafa staðnað (hætt skriði) og bráðnað niður á staðnum. Hvort jökulársæti eða leysingarruðningur myndast á slíkum stöðum fer aðallega eftir því hve mikil skolun verður miðað við aurinn í fínum. Með þetta í huga er athyglisvert að bera saman leysingarruðning norðan Kolkuflóa og jökulársæti við Sandárþófu (milli norðausturenda Kolkuflóa og Sandár). Síðarnefndi staðurinn stendur lægra og þar hefur jökulvatn skolað efnið rækilega. (Á jarðgrunnskortinu er jökulársætið við Sandárþófu ekki aðgreint sérstaklega, en á kortinu má greina hæðir og hóla á 0,5 x 0,5 km bletti á annars jafnhallandi jökulársæti).

Sýni 16 er úr leysingarruðningi. Eins og sjá má af sáldurferli og töflu í viðauka er þetta sýni snauðara af fínefni en botnruðningssýnin og jafnframt betur flokkað (SORT og 2. MOM eru lægri). Hins vegar er það ríkara af fínefni en sýni úr árseti.

### 2.3 Fornar jökuláreyrar


Mikill hluti lónskálarinnar er pakinn jökulársæti sem myndast hefur sem aurar (sandar) framan við jaðar hopandi meginjökuls. Um einum km sunnan við Blöndutjarnir eru ummerki jökuljaðars í formi jökulgardsstúfa og endasleppra sanda á víxl (nánar síðar). Framan við þessar jaðarmyndanir eru víðáttumiklir jökuláraur (sandar) einkum í lægðinni, þar sem Blanda rennur nú, og ná þeir alla leið norður fyrir Galtará. Blanda hefur grafist niður í mikinn hluta pessa sets og rennur á breiðum eyrum, sem að miklum hluta eru úr grófari hluta gamla jökulásetsins.

Annað belti af jökulársæti liggur meðfram Sandá frá norðurjaðri Helgufells norður fyrir Sandárhöfða. Þeim megin (vestan) Helgufells hefur ekkert fundist, sem tengja má jaðarmyndunum við Blöndutjarnir.

### 2.4 Lónset

Þegar jökulársætið var að myndast stóð jökullón uppi á nyrðri hluta fyrirhugaðs lónstæðis. Þá myndaðist lónset í Lambasteinsdragi í 463-464 m y. s. (Sjá snið 121 á mynd 4). Síðar grófst farvegur Blöndu niður um 15 m (gilið neðan við ármót Sandár) og ræsti lónið fram. Merki um þetta lón er líka að finna í sniði 7 (mynd 1). Þar er lónset (sýni 1) undir árseti. Slik sendin lög, sem

Mynd 1



annaðhvort eru mynduð f lóni eða f jökulálm við mjög hægt rennsli, eru áberandi meðfram Sandá norðan til og setja mikinn svip á umhverfi árinnar. Þegar sunnar dregur verður setið smám saman grófara. Sýni 3, 2, 32 og 5 eru tekin á syðri hluta pessa jökulársets í pessari röð norðan frá og sést greinilega við samanburð á þeim að efnið verður því grófara sem sunnar dregur. Sýni 4 er ennfremur tekið á pessum slöðum, en ðt við jaðar jökulársetsins.

#### 2.5 Jökuljaðarmyndanir við Blöndutjarnir


Um einum km sunnan við Blöndutjarnir eru skýr ummerki jökuljaðars. Jökulgarðsstúfar og endasleppir sandar liggja þar til skiptis og mærekja pessi ummerki austur fyrir Blöndu, meðfram Haugakvísl yfir hana og austur á Eyvindarstaðahéði. Eins og fyrr var lýst mynduðust viðáttumiklir jökuláraurar (sandar) framan við pessa garða á lónstæðinu og lónset norðan auranna. Á jarðgrunnskortinu sjást aðeins veststu hlutar pessara jaðarmyndana. Blöndutjarnir eru jökulker. Bakkar þeirra eru alls staðar sem séð verður ðr jökulárseti því sem myndaði sanda framan við fyrnefndan jökulgarð. Jökulársetið hefur því kaffaert þarna dauðis. Tjarnirnar liggja í röð samsíða góðrunum og bendir það til þess að þær séu ummerki jökuljaðars. Ysti hluti hans hefur hætt skriði og myndað dauðis. Virkur hluti jökulsins myndaði síðan nýjan jökuljaðar einum km sunnar og framburður ánna undan jöklínun kaffaði dauðisinn í Blöndutjörnum. Sá ís bráðnaði ekki að fullu fyrr en jökulröndin hafði hopað frá góðrunum og jökulvatnið var farið að renna annað, ella hefðu tjarnirnar fyllst af árseti.

#### 3 JARDVEGUR

Purrleidisjarðvegur er yfirleitt fremur punnur. Meðaltal 39 mælinga (sbr. jarðgrunnskort) sýnir 0,6 m. Á grónum hæðum er jarðvegur yfirleitt innan við 0,5 m en gjarnan pykkari í lægðum og á sléttum, fornum áreyrum (söndum). Hæðirnar norðan og vestan Kolkuflóa eru viða jarðvegslausrar í kollinn, en á grónum svæðum á þeim er þykkt jarðvegs 0,1-0,5 m (meðaltal 0,3 m; sjá snið 66, 65, 61, 60, 53, og 57). - Ðæmi um jarðvegspykkt inni á stórum, fornum ársléttum eru t. d. jarðgrunnssnið 7 (0,8 m), 9 (0,8 m), 32 (0,7 m) meðfram Sandá og 97 (0,8 m) austan Blöndu.

Í lægðum er jarðvegur oft fremur pykkur. Þar safnast fyrir áfok og það sem skolast með rigningarvatni úr hlíðum. Auk þessar eru merki um það að jarðskrið valdi slíkri pykkun í lægðum. Ótvíráð merki um jarðskrið (solifluxion) af þessu tagi eru þar sem jarðgrunnssnið 69 (vestan Kolkuflóa) 58, 46 og 56 (öll norðan Kolkuflóa) eru tekin. Á yfirborði er þessi jarðvegur mjög þýfður en í sniði eru öskulög í fellingu. Einnig eru jökulruðningslinsur viða í jarðveginum. Þessi 4 snið eru öll á jökulruðningi.

Önnur snið par sem jarðvegur nær meira en 0,5 m pykkt í lægðum eða nálægt hlíðum eru t. d. 29 (við mýri sunnan í Áfangafelli), 12 (á ársléttu við Sandá nálægt hlíð Sauðafells), 117 (austan Sandár), 45 (norðan Kolkuflóa við mýri), 110 (við Galtará), 101 (austan Blöndu á móts við Blönduvatn við hlíð). Í þessum sniðum hefur ekki orðið vart jarðskriðs svo ógiggjandi sé. Jarðvegur við mýrar er að jafnaði fremur pykkur (snið: 45, 29, 14, 13). Á jarðgrunnskortinu eru 3 jarðgrunnssnið par sem



jarðvegur hefur þyknað af völdum áfoks ár nærliggjandi uppblástsursgeirum (snið: 117, 40, 83). Snið 40 og 83 eru sýnd á myndum 2 og 4. Í sniði 40 fannst H<sub>1</sub> ekki. (H<sub>1</sub> er auðkennilegasta og ótbreiddasta öskulag á þessum slóðum). \*3) í sniði 83 er petta öskulag hins vegar innan um moldarborið árset, sem er undir hreinni mold. Á þessum stað hafa lækir úr Helgufelli sett af sér efni þangað til jarðvegþykknun hefur beint þeim annað einhverntíma á sögulegum tíma.

Meðalþykknunarhraði fokjarðvegs á þessum slóðum síðan árið 1104 (þegar H<sub>1</sub> fél) hefur verið 0,3-0,4 mm/ár. Hér er miðað við jarðvegssnið þar sem staðbundin atriði (jarðskrið o. p. h.) hafa ekki haft áhrif á þykknunina. Í Hanskafellsflá (SA undir Hanskafelli um 8 km sunnan lónstæðis) mældist þykknunin 0,8-0,9 mm/ár f 3 sniðum.

\*3) Öskulagið frá Heklugosinu 1104 (H<sub>1</sub>) hefur lagst yfir allt umrætt svæði og í jarðvegssniðum er það vífðast um 5-10 cm þykkt. Þetta er meðaltal ár mælingum, sem teljast marktækjar. Viða er askan fokin til og p. a. l. misþykkt og í holum borðum með skóflubor fæst ekki nákvæm þykkt. - Þetta öskulag virðist hafa haft mikil áhrif á uppblástur. Þaði hefur þessi grófsendna aska verkað sem lokræsi í jarðveginum og burrkað hann ef svo bar undir og auk þess hefur öskulagið verið uppblástrinum mikilvæg sandnáma. Í foksandi ber mikið á gulum kornum þessa öskulags. Einnig ber viða mikið á slíkum sandkornum í jarðvegi ofan á öskulaginu.

#### 4 UPPBLÁSTUR Á LÓNSTÆÐINU


Á lónstæði Blönduvirkjunar eru þrír uppblástsursgeirar. Einn liggur norður með Helgufelli að vestan, annar norður með Blöndutjörnum og Blönduvaðsfló að vestan og sá þriðji meðfram Galtará að vestan. Framrás þessara geira hefur stöðvast en sumsstaðar eru þeir að breikka og breytast lítilsháttar.

Það er áberandi að allir geirarnir hafa u. p. b. sömu stefnu, p. e. N til NNV. Þessir uppblástsursgeirar voru athugaðir nánar og reynt að komast að því hvaða aðstæður hafi valdið uppblástrinum, auk þess voru aðrir geirar utan lónstæðis athugaðir lauslega og bornir saman við þessa þrjá.

Virkir uppblástsursgeirar á þessum slóðum bera það með sér að það er einkum prent sem þarf til að uppblástur verði: 1. nægilega purrt land, 2. sand og 3. mishæðalítið land í stefnu geirans.

Burrkurinn fer eftir hæð grunnvatnsflata, sem er hæð gerð undirlags (berggrunns og lausra jarðlaga) og landslagi. Geirarnir tveir vestan Blöndu eru báðir á lekum ársetshjóllum, þar sem grunnvatnsborð er tiltölulega lågt vegna nálægðar lægra lands, annars vegar Sandár, sem hefur skorist niður í ársetið og myndað hjalla, og hins vegar Blöndutjarna (jökulker frá isaldarlokum) og Blönduvaðsfló (gömul bugða).

Sandurinn safnast saman með ýmsu móti. Geirinn vestan Blönduvaðsfló og Blöndutjarna á sér greinilega eina sandnámu - lækir úr Helgufelli (sem er fyr mőbergi) flytja með sér sand og setja hann af sér ofan á lekt ársetið. Þessi sandur berst síðan eftir sléttu yfirborði hinna fornu áreyra og hleðst upp í skafla, þar sem grðurinn tekur við og bindur sandinn.



Uppblásturinn verður með ýmsum hætti. Hér á eftir verður helstu gerðum lýst.

Þar sem uppblásturinn er mjög virkur, eins og t. d. í hinni miklu tungu sem liggur frá gróðurleysu Eyvindarstaðahéðar og út Öfugugavtnshæðir allt að fjárgirðingu ofan Fossadals, eru mörkin milli gróins lands og örþoka bakin tiltölulega þunnum (um 0,2-0,7 m) öldóttum foksandi. (Sjá ljósmynd 1). Utanvert í foksandsbeltinu hverfur þunnt sandlagið inn á milli stráa og þúfna en innan við það er landið gróðurlaust og að mestu jarðvegslaust. Innanvert í foksandsbeltinu eru víðitágar og aðrar leifar gróðurs. Sandfokið sverfur gróður og jarðveg en auð þess kafferir sandurinn og drepar gróðurinn. Líklega skiptir hér verulegu málí, að sandurinn burrkar landið sérstaklega í sólskini. Í þurrum sandi við Sandá mældist 35°C hiti rétt undir yfirborði í sólskini og 7°C loftthita.

Virkur uppblástursjaðar af annari gerð sést norðvestan við Blöndutjarnir vestarlega í geiranum. Uppblásturinn hefur verið hægari vestan til í geiranum þar sem landið er hærra og jökulruðningur í undirlaginu. Austar í geiranum hefur uppblástur verið hraðari eftir sléttu ársetinu þangað til þessi tunga stöðvaðist þar í röku landi um 1 km sunnan við Ullarflda. En í vesturhluta geirans er uppblásturinn ennþá að. Þar er sandhryggur bvert á stefnu geirans. (Sjá ljósmynd 2). Ávöðurs er hryggurinn gróðurlaus en hlémegin er hann gróinn. Þar ber mikið á þurkkpolnum plöntum, aðallega víði og veldur þetta greinilegum litarmun á gróðri oldunnar og hins ósnerta gróðurlendis norðan við hana.

Vegna þess hve jarðvegur er víðast þunnur á þessu svæði, er lítið um rofbörð. Þó eru ágæt

dæmi um þau á tveimur stöðum á lónsvæðinu. Annars vegar í hlíð austan Sandár og norðan Helgufells og hins vegar norðvestan við ármót Sandár og Blöndu, í svokölluðu Lambasteinsdragi (sjá ljósmynd 3). Á báðum þessum stöðum hefur jarðvegur þykkað fyrst með áfoki, jarðskriði og skolun úr hlíðum, en síðan hefur sandfokið að sunnan sorfið rásir í gegnum hann. Rofbörðin standa síðan eftir sem rofleifar og eyðast smátt og smátt.


##### 5 HUGSANLEG ÁHRIF LÓNSINS Á JARÐVEGSEYÐINGU

Í fyrsta lagi eru augljós áhrif lónsins þau að uppblástur mun stöðvast á fyrnlefndum premur uppblástursgeirum þar sem virkir jaðrar þeirra fara í kaf.

Í öðru lagi má ætla að hækkað grunnvatnsbord af völdum lónsins hafi einhver hvetjandi áhrif á uppgreðslu geiranna sunnan lónsins.

Hættan á auknum uppblæstri vegna lónsins er fólginn í því að sandur, sem safnast í lónið geti fokið út á gróin svæði, þegar dregið er niður í lóninu, og valdið uppblæstri. Það þarf ekki að óttast uppblástur vegna rofs við bakka lónsins eins sér. Sá í gróðurbekju eru víða á heiðinni en uppblástur hefur hvergi hafist nema sandur hafi borist með einhverju móti til að sverfa jarðveginn. Í þróðja lagi mætti hugsa sér að ffnkorna efni (aðallega méla) fyki úr lóninu, ylli jarðvegspyrknun, sem aftur leiddi til greiðari jarðvegseyðingar. Að því verða leidd rök hér aftar í kaflanum, að ástæðulaust er að óttast þetta.

Uppluni hugsanlegs foksands við lónið er tværr konar. Annars vegar berst mikið af sandi með Blöndu og sest í lónið, hins vegar



Skýringar sjá mynd 3

Stadsetningar sjá jarðgrunnskort

ORKUSTOFNUN

BLÖNDUVIRKJUN

Jarðgrunnsnís á löntaði

80.10.29	SVIK / GSJ	B-332	F. 20152
Blað 4			

myndast eitthvað af sandi við bakka lónsins við bylgjurof. Sandur sem sest til í lóninu með þessum hætti getur ekki fokið nema hann borni fyrst.


#### 5.1 Sandburður með Blöndu

A nokkrum stöðum á landinu hagar svo til að jökluvatn safnast í grunn lón meðan mest er í ánum, en síðan lækkar í lónunum og sandur og mélá, sem settist til í lóninu, fer að fjáka og veldur petta oft hinum verstu spjöllum. (Sandvatn sunnan Langjökuls er gott dæmi um slíkt lón). Í þessum lónum byrjar vatnsborð að lækka um leið og minnkar í ánum þannig að á haustin getur botnsett þeirra þornað og fokið. Vatnsborðið er m. ö. o. hæst að sumri en helst lágt allan vetrinn og fram á næsta sumar. Í Blöndulóni hins vegar verður vatni safnað á sumrin og vatnstaðan hæst að hausti (sept. - okt.) en lækkar síðan og verður lægst að vori (apríl). Haustveðrin valda því ekki foki úr lónstaðinu nema þau ár sem vatn stendur lágt að hausti vegna mikillar vatnsnotkunar vetrinn á undan, lælegs vatnsárs eða þess hvors tvæggja. Að hausti eða snemma vetrar mun lónið leggja og þegar vatnsborðið lækkar yfir vetrinn verður lagnaðaríssinn eftir að því landi sem kemur upp úr vatni og verndar það gegn uppfoki. Auk þess mun fínkornna leðjan sem ísinn leggst ofan á draga til sín raka að neðan þegar hán frýs (bólgnar í frosti). Af þessu má ætla að frost fari seint ár jörðu í þessum fjörum lónsins og þar af leiðandi bornar landið ekki fyrir en komið er langt fram á sumar og vatnsborðið farið að hækka í lóninu. Þessu til stuðnings má geta þess að í júlífánuði 1978 var frost víða enn í jörðu í jökluruðningi en hvergi í

#### árseti á lónsvæðinu.

#### 5.2 Rof við bakka lónsins

Vestur- og norðurströnd lónsins er mikilvægust í þessu efni, vegna þess að uppbláðstur á lónsvæðinu og í nágrenni þess hefur alls staðar verið til norðurs og norðvesturs. Á allri þessari leið er jökluruðningur með þunnum jarðvegi. Þegar óldur lónsins fara að vinna á þessu efni grafa þær stall. Finasta efnið (aðallega mélá) gruggast upp og berst út í lónið. Á ströndinni safnast fyrir grófari hluti jökluruðningsins - sandur, möl og hnallungar. Í þeim sýnum jökluruðnings, sem hafa verið kornastærðargreind er méluhlutinn 10-40%, sandhlutinn 10-40% og malarhlutinn 25-65%. Það má því ljóst vera að mestur hluti efnisins sem safnast mun á ströndina við útskolum á jökluruðningi verður möl og sandur. Til viðbótar þessu koma svo áhrif frosts og lagnaðaríss. Þessi áhrif eru margvísleg eins og sjá má viða meðfram ströndum vatnanna á Heiðinni. Helstu áhrif frosts eru 1. jarðskrið: Vegna stallsins sem myndast við lónið eykst jarðskrið í brekjunum næst lóninu. 2. Frostlyfting f fjörunni lyftir steinum upp á yfirborðið. Fjörur vatnanna á heiðinni eru grýttar, en þegar grafið er í þær sást að grjótið myndar aðeins þunnt lag ofan á finna efni. 3. Ísýting. Við strendur þeirra briggja vatna, sem athuguð voru, eru ísýttir garðar meðfram ströndinni (sjá ljósmynd 4). Þessa mun e. t. v. að einhverju leyti gæta við lónið en ekki í sama mæli og við vötnin, því að kraftur sá sem ísinn ýtir með að bakkann takmarkast af því að ísinn brotnar upp (Kerr 1978). Á vötnunum á heiðinni er vatnsborðið



MYND 5

PURRLENDISJARDVEGUR  
 MÝRAR  
 VIRKUR UPPBLÁSTURSJADAR  
 STEFNA UPPBLÁSTURS  
 STEFNA VINDSVÖRFUNAR Á KLÖPPUM

VOD-JK-630 SVIK  
81050548

stöðugt og pessi kraftur því mjög mikill, en á lóninu lækkar yfirborðið jafnóðum og lagnaðaríssinn myndast. Næst landi leggst ísinn á lónbotninn og ísýting þar af leiðandi liftil við strendurnar.

### 5.3 Bakvatnsáhrif lónsins og skriðuhætta

Þegar vatnsborðið hækkar í lóninu hækkar jafnframt grunnvatnsborð í landinu umhverfis. Þegar dregið er niður f í lóninu tekur að seytla ár grunnvatninu. Þá myndast smálindir í hinu nýmyndaða fjöruborði. Með þessum hætti skolast nokkuð af leðju af fjörunni og út f í lónið.

Aurskriður geta myndast f í fínkorna leðjunnini f fjöruborðinu þegar vatnsborðið lækkar örth. Ífuk á pessu vaxa með aukinni pykkt leðjunnar. Við Gjevilvatnet í Noregi hafa skriður af pessu tagi valdið skaða og eru reyndar þar taldar alvarlegustu afleiðingar miðlunarlónsins (Nielsen 1980). Við þetta er mikið af jökullönsseti frá físaldarlokum. Þetta er einkorna, mélugur fínsandur, sem er sérlega hætt við slíku skriði. Þegar vatnsborð var lækkad niður fyrir hið gamla yfirborð vatnsins skriðu fram margar fyllur úr gamla vatnsbakknum, þær stærstu 2-3 hektarar. Slíkra atburða er ekki að vænta við Blöndulón. Við Gjevilvatnet er meðalkornastærð (MEDIAN) á töflu f viðauka) 2,3-1 phi ( $0,2-0,5$  mm) og flokkun (SORT á töflu f viðauka)  $<1,0$ . Slíkt efni er viða á lónsvæði Blöndu en hvergi nálægt strandlfnu. Þar skiptast á illa flokkað árset

og jökulruðningur. \*4)

### 5.4 Óseyramyndun

Þar sem Blanda rennur f lónið myndast óseyri (delta). Botnskrið árinnar fellur til botns þar sem án kemur f lónið og smál saman byggist óseyrin upp lengra og lengra út f lónið. Þar sem óseyrin kemur til með að myndast, rennur Blanda nú í kvíslum á eyrum, sem nái frá því að sunnan á móts við Helgufell og allt norður á móts við Sandárhöfða. Á öllum þessum kafla hefur án grafist niður í jökulárset og jökulruðning frá físaldarlokum. Eyrarnar eru að miklu leyti ár grófari hluta þessara laga. Botnskrið árinnar er væntanlega mun fíngerðara og berst nú að mestu áfram niður í Blöndugil. Þegar án verður stffluð hleðst botnskriðið upp í óseyri, sem verður mun fíngerðari en náverandi eyrar, að lfkindum að mestu leyti ár sandi. Þessum sandi verður ekki fokgjarnit meðan lónið er fullt. Fokhætta skapast hins vegar þegar lítið er f lóninu. Þá grefur án sig niður í óseyrina og bakkar geta bornað og fokið ár þeim. Á vorin og framan af sumri meðan lónið er að fyllast er snjóða að leysa og

\*4) Sýni 15-19 og 28 eru tekin f námunda við væntanlegar strendur lónsins. Á kornaferlum og töflu 1 kemur fram að þau eru fremur gróf (MEDIAN:  $1,63 - 3,01$  phi ( $=0,32-8,06$  mm)) og lítið flokkuð (SORT  $1,67-3,44$ ).



MYND 6

475-480 m.s.
470-475 m.s.
465-470 m.s.
<465 m.s.

VOD-JK-630 SVIK  
81050549

klaki að fara úr jörðu, þar af leiðandi er ólíklegt að yfirborð óseyrarinnar børni nægilega til að sandurinn fjáki. Fokhætta er hins vegar fyrir hendi frá sumri og fram á næsta vor þau ár sem lónið nær ekki að fyllast. Eins og greinilega kemur fram á stefnu uppblistursgeiranna (sjá mynd 5) eru veðurfarsleg skilyrði til sandfoks einkum f sunnan-suðaustanátt. Sandur sem fuki úr óseyrinni myndi því berast að mestu út í lónið. Þótt purr vindur stæði af hásuðri, þ. e. af óseyrinni á landræmuna milli Blönduvatns og lónsins, ylli það varla skemmdum, því að bakki lónsins verður þar um 5 metra há og brattur, svo að foksandur á þar erfiða uppkomuleið, og myndi beinast meðfram bakkanum og út í lónið.


#### 5.5 Sandburður með ströndum lónsins

Öldubrot við strendur lónsins mun bera sand frá óseyrinni og mynda sendnar víkur og eyrar þar sem skjöl verður. Ennfremur mun sandur sem skolast úr bökkum lónsins flyttast til á pennan hátt. Hér verður ekki reynt að geta sér til um hve mikil muni kveða að þessu enda margbætt og flókið mál þótt fleiri þættir væru bekktir. Hins vegar er auðveldara að geta sér til um það hvar sandurinn muni hlaðast upp. Þegar sandur berst norður með austurströnd lónsins frá óseyrinni safnast hann fyrir í Galtarárfloða en að vestan í Blönduvaðsflóða. \*5) Þess utan er

líflegt að hinum flötu strendur við Sandá verði sendnar, vegna strandrofs f nágrenninu, auk þess sem Sandá ber eitthvað af sandi út í lónið.

Sandur sem safnast saman af þessum sökum fýkur auðveldlega til þegar svo háttar til að lágt er í lóninu yfir sumarið. Þau ár varnar lagnaðarfs og krapahannir sandinum ekki frá að fjáka þegar haustveðrin byrja. Sandfok af þessum sökum myndi helst valda jarðvegseyðingu í nesi því sem endar í Sandárhöfða annars vegar og norðan Galtarárfloða hins vegar. Erfitt er að meta hve mikil þessi háttar er, en rétt er að hafa í huga að jarðvegur á þessum slóðum er ekki sérlega viðkvæmur fyrir uppblistri. Honum er ekki saman að jafna við bykkan áfoksjarðveg eldvirknibeltanna þar sem hin minnstu sár geta komið af stað nær óstöðvandi uppblistri. Á Blöndusvæðinu verður jarðvegseyðing ekki með öðru móti en því að foksandur kaffærir og drepur grður og sverfur síðan jarðveginn. Til þess að þetta haldi áfram þarf síffellt að berast foksandur að, því að sáralftið bætist við úr þunnum jarðveginum. Sandsöfnun í Galtarárfloða er líklega engu að síður hættulegasti uppblistursvaldurninn af völdum lónsins. Ekki ætti að vera neinum vandkvæðum bundið að hefta jarðvegseyðingu af völdum sandfoks úr Galtarárfloða. Í fyrsta lagi færí mestur hluti sandfoksins út í myrádrag umhverfis Reftjarnir og ylli þar litlum breytingum. Í öðru lagi er jarðvegseyðing með þessum hátti öllum sem leið eiga um augljóss og

\*5) Landslag á lónstæðinu, sjá mynd 6.



## MYND 7

## Sýnatökustaðir

Númer  
jarðgrunnsniðs 107 • 30 Númer sýnis

1 VOD-JK-630 SVIK  
81.05.0547

þar sem land petta liggur nálagt fyrirhugaðri aðalstiflu verða mannaferðir tíðar í næsta nágrenni og því hægt að bregðast við í tíma.

## 5.6 Áhrif fínkorna áfoks

Áhrif fínkorna áfoks eru alkunn af umræðu undangenginna áratuga um jarðvegseyðingu á Íslandi (Sigurður Þórarinsson, 1961; Þorleifur Einarsson, 1962 og Guttormur Sigbjarnarson 1969). Áhrifin eru í stuttu máli eftirfarandi. Jarðvegur pyknar smám saman vegna áfoks og verður viðkvæmari fyrir vatnsrofi. Þegar rennandi vatn hefur grafið rásir í pykkan jarðveginn, borna bakarnir og uppbláðstur hefst. Fínkorna efnið sem fýkur upp berst langt og veldur jarðvegsþykkun hlémegin vfð uppblásturssvæðið og auðveldar vindinum pannig verkið. Sandhluti jarðvegsins sem er að blása upp verður hins vegar eftir í uppblástursjárinum og sverfur jarðveg og kaffærir grðður.

Uppbláurstur af pessu tagi verður helst þar sem fer saman lág grunnvatnsstaða (ungur og lekur berggrunnur), nálagð eldfjalla og viðáttumiklir jökuláraur. Allt petta fer t. d. saman á Haukadalsheiði (Guttormur Sigbjarnarson, 1962). Á Auðkúluheiði er grunnvatnsstaða hins vegar há (berggrunnur er frekar þéttur og viða hulinn þykum, þéttum jöklruðningi). Þótt eldfjöll sér nokkuð langt undan hefur borist aska í nokkrum mæli inn á svæðið, sérstaklega hefur askan frá Heklugosinu 1104 verið áhrifamikil (sbr. kafla 4) Ekki er

hægt að benda á þeim áhrif Blönduaura til þykkunar jarðvegs eða eyðingar.

Nokkrum sinnum hafa komið fram tilgátur um það að uppfok jökulleirs (mélum) ár Blöndulóni gæti valdið þykkun jarðvegs og stuðlað þannig að uppblástri. Til þess að átta sig á því hve mikil þessi hætta er, er hægt að taka dæmi og ganga út frá mældum gildum um rennsli og aurburð og fmynduðum sveiflum á vatnsborði lónsins. Vatnsborðið þarf að standa hátt yfir hásunarið til þess að efni safnist fyrir, en síðan þarf það að lækka til þess að uppfok verði. Í ðtreikningunum hér á eftir er gert ráð fyrir því að þessir þettir vinni þannig saman að uppfok ár lóninu verði sem mest, og þar með jarðvegþykkunin í nágrenni þess.

Meðalrennsli í Blöndu mánuðina júlí og ágúst síðastliðin 15 ár er 63 m / s (59,4 m / s í júlí og 66,7 m / s í ágúst). Aurburður á sama tíma nam 240 000 tonnum (85 000 tonn í júlí og 155 000 tonn í ágúst) að meðaltali.

Til þess að fá hugmynd um það hve mikilli jarðvegþykkun uppfok ár lóninu getur valdið, má ganga út frá þessum tölum og hugsa sér að allt gruggið setjist til í lóninu (í raun mun um 85% af fínkornaða hlutanum og allur gróðfari hlutinn setjast til í lóninu (Haukur Tómasson munnl. uppl.)), - að lónið sé fullt f júlí og ágúst, en síðan fjáki allt efni sem sest hefur ofan við 2 m dýptarlfu. (í raun mun mjög lítið af fínkorna gruggi setjast á þessu strandbelti vegna ólduskolunar, að auki sest ekkert til af þessu efni á strandsvæðum, nema

þegar lónið er fullt, en þá fýkur ekkert). Af heildaraurburðinum myndu þá setjast: 240 000 tonn x 3,8 km<sup>2</sup> (ofan 2 m dýptarlínu) / 56,5 km<sup>2</sup> (allt lónið) = 160 000 tonn á lónbotninn ofan 2 m dýptarlínu.

Ef allt þetta efni fyki og settist á 100 km<sup>2</sup> yrði jarðvegspykknunin: 160 000 tonn / 100 km<sup>2</sup> = 0,16 kg/m<sup>2</sup>, sem samsvarar 0,16 mm/ár eða 1,6 cm á öld miðað við rúmpyngdina 1 t/m<sup>3</sup>. - Þá mætti líka hugsa sér að allt þá efni, sem settist á lekt efni (p. e. árset og jökulárset) milli 480 og 475 m y. s. fyki og gera ráð fyrir sömu ýktu aðstæðum og gert er hér að ofan. Flatarmál þessara landsvæða er 7,5 km<sup>2</sup>, og myndi gefa helmingi meiri þykknum eða 0,32 mm/ár.

Til samanburðar við þessar þykknumartölur er hægt að taka meðalþykknum móajarðvegs á lónstæðinu sfðastliðnar 9 aldir 0,3 - 0,4 mm/ár (sbr. kafla 3), í Skagafirði: 0,5 mm/ár (Grétar Guðbergsson, 1975) og á Suðurlandi, Miðhálendinu, Nöðurlandi og Austurlandi hefur meðalþykknumini numið 0,4 - 0,9 mm/ár (Sigurður Þórarinsson, 1961).

Þá ber að taka þá sérstaklega fram hér að útreikningarnir hér að ofan gefa miklu meiri þykknum á jarðvegi en mögulegt getur talist af völdum uppfoks ðr lóninu. En jafnvel þótt 20 000 tonn af ryki fyku upp á ári að meðaltali, er vafasamt að þá ylli aukinni hættu á jarðvegseydingu á heiðunum norðan lónsins (p. e. þar sem þykknumin yrði). Jarðskrið, skolun af völdum rigningarvatns o. s. frv. veldur því að mestur hluti efnisins sem sest fyrir hafnar í mýrum, vötnum og lækjarfarvegum, eins og gerst hefur hingað til og rakið er í kaflanum um jarðveg hér á undan.

Hvort sem þessu er velt lengur eða skemur verður niðurstaðan sú að hugsanleg hætta á aukinni jarðvegseydingu af völdum lónsins er eingöngu fólgin í sandfoki (sjá kafla 5.4 og 5.5 hér á undan).

### 5.7 Niðurstöður

Hætta á aukinni jarðvegseydingu af völdum lónsins verður að teljast lítil, enda er aðalreglan sú að grður og jarðvegur myndast þar sem raki er nægilegur, og purrkun er óhjákvæmilegur undanfari þess að uppblástur

hefjist.

Jarðvegur á lónstæðinu og umhverfis þá er viðast þunnur og ekki sérlega hætt við uppfoki.

Eftir að frost er farið ír jörðu og ðóur en snjör hylur landið ætti uppfokshætta að vera mest að jafnaði, en vatnsborð lónsins verður einmitt hæst á þessum sama árstíma að jafnaði.

Þá eina, sem valdið gæti aukinni jarðvegseydingu, er sandur, sem safnast með ströndum lónsins og gæti fokið upp og valdið grðurskemmdum á afmörkuðum svæðum.

Finkorna efni sem safnast í lónið og gæti fokið úr því, er f allt of litlu magni til þess að jarðvegspykknun af völdum áfoks þess geti valdið aukinni jarðvegseydingu.

### HEIMILDASKRÁ

Grétar Guðbergsson 1975: Myndun móajarðvegs í Skagafirði. Íslenskar landbúnaðarrannsóknir, 7: 20-45.

Guttermur Sigbjarnarson 1969: Áfok og uppblástur. (Bættir úr grðursögu Haukadalshéðar). Náttúrufræðingurinn, 39: 68-118.

Hörður Kristinsson & Helgi Hallgrímsson 1977: Náttúruverndarkönnun á virkjunarvæði Blöndu. Orkustofnun, OS-ROD 7713.

Kerr, Arnold D. 1978: On the determination of horizontal forces a floating ice plate exerts on a structure. Journal of Glaciology, 20: 123-134.


Nielsen, Steen Asger 1980: Erosion i reservoarer som følge af årsregulering. Resultater fra Gjevilvatnet og Devdesjarvi, Norge. í: 6ie Nordiske Hydrologiske Konferansen i Vemdalen 10-16 augusti 1980: Tema kring vattenkraftutbyggnad och dess konsekvenser. Uppsala University, UNGI Rapport Nr. 52: 307-319

Sigurður Þórarinsson 1961: Uppblástur á íslandi í ljósi óskulagarannsókna. Ársrit Skógræktarfélags Íslands, 1961: 16-54.

Dorleifur Einarsson 1961: Pollenanalytische Untersuchungen zur spät- und postglazialen Klimgeschichte Islands. Sonderveröffentlichungen des Geologischen Institutes der Universität Köln. 52 bls.



Ljósmynd 1: Virkur upplástursjaðar norðanvert í Öfuguggavatnshæðum við fjárgirðingu ofan Fossdals. Í foksandinum ber mikið á ljósum kornum úr öskulaginu HI.



Ljósmynd 2: Horft norður eftir vesturjaðri upplástursgeira þeim, sem liggur frá Blöndutjörnum í átt að Ullarflóa. Fyrir miðri mynd er virkur jaðar, sandhryggur, sem liggur þvert á stefnu geirans. Til hægri sést meginhluti geirans teygjast norður í átt að Ullarflóa, þar sem hann kafnar í röku landi um 1 km sunnan flóans.



Ljósmynd 3: Rofbörð í Lambasteinsdragi.



Ljósmynd 4: Ísýttur garður við suðvestanverða þrístiklu.

**VIÐAUÐI**  
**KORNASTÆRDARGREININGAR**


=====

**SKRA YFIR SIGTUD SYNI**


SYNI	STADS	LYSING
1	7	SANDUR OG MELA
2	8	SANDUR OG FINMØL (ARSET)
3	9	SANDUR OG FINMØL (ARSET)
4	10	MØL OG SANDUR (ARSET)
5	12	GROFSANDUR OG MØL (ARSET)
6	13	GRAR MOLDARBLANDINN FINSANDUR
7	13	FOKSANDUR MED LJOSUM KORNUM
8	25	JÖKULRUÐNINGUR
9	26	BOTNRUÐNINGUR
10	29	SANDUR (ARSET)
11	44	JÖKULARSET (ENDASLEPPUR SANDUR SUNNAN BLÖNDUTJARNA)
15	52	MØL OG GROFSANDUR (JÖKULARSET UNDIR LEYSINGARRUÐNINGI)
16	61	LEYSINGARRUÐNINGUR
17	62	ARMØL
18	65	JÖKULRUÐNINGUR
19	66	BOTNRUÐNINGUR
21	77	RUÐNINGUR ÓR JÖKULGARDI
22	78	ARSET (BLÖNDUARUR VID BLÖNDUTJARNIR)
23	82	FOKSANDUR ÓR SKAFLI VID BLÖNDUTJARNIR
25	84	ARSET
28	98	ARMØL OG -SANDUR
32	116	ARSET (HJALLABRUN VID SANDA)
36	126	BOTNRUÐNINGUR

**SETFRÆDILEGAR STADTOLUR:**


SYNI	MEAN	MEDIAN	MODE	BIMOD	SORT	SKEWN	KURT	1.MOM	2.MOM	3.MOM	4.MOM
1	4.09	4.40	4.55	3.93	1.98	-0.44	2.61	3.84	2.30	-1.51	5.77
2	0.52	0.82	1.63		1.62	-0.29	0.95	0.48	1.60	-0.63	2.70
3	0.70	0.91	1.63		1.35	-0.31	1.23	0.63	1.39	-0.94	3.59
4	-1.95	-2.60	-3.50		2.91	0.37	0.92	-1.82	2.88	0.81	2.97
5	-3.12	-3.94	-5.50	1.55	2.71	0.46	0.70	-2.94	2.85	0.95	3.07
6	5.51	5.36	5.24		1.45	0.18	1.20	5.19	1.58	-0.85	5.16
7	3.32	3.21	2.63	2.63	0.96	0.35	1.46	3.47	1.24	1.26	7.48
8	-0.61	-1.76	-3.50	2.23	3.55	0.41	1.20	-0.85	3.39	0.87	2.93
9	-0.08	-0.28	-5.50	2.22	4.65	0.10	0.73	0.08	4.31	0.21	1.99
10	3.16	2.94	4.50	2.18	1.75	0.24	0.99	3.19	1.94	0.22	3.78
11	-3.34	-3.78	-5.50		2.37	0.33	0.75	-3.24	2.34	0.73	2.40
15	-1.50	-1.41	-1.50		1.67	-0.07	0.92	-1.47	1.64	0.02	2.45
16	-1.05	-1.20	-1.50		2.86	0.09	0.96	-0.97	2.79	0.37	2.62
17	-2.38	-2.92	-3.50		2.28	0.37	0.99	-2.36	2.21	0.74	2.67
18	-1.98	-3.03	-4.50	2.30	3.36	0.50	0.97	-1.94	3.38	1.00	2.98
19	1.57	1.63	4.50	1.73	3.44	-0.04	0.83	1.65	3.41	-0.09	2.25
21	-2.43	-2.78	-5.50		2.90	0.24	0.80	-2.41	2.61	0.44	2.01
22	-2.64	-3.04	-4.50		2.30	0.27	0.79	-2.62	2.25	0.53	2.25
23	1.77	1.91	2.63		1.35	-0.11	1.06	1.80	1.49	0.15	4.11
25	0.07	0.31	0.50		1.58	-0.23	1.07	0.06	1.55	-0.51	2.70
28	-2.35	-2.92	-4.50	2.15	2.17	0.34	0.65	-2.30	2.18	0.39	1.84
32	-2.40	-2.91	-4.50	2.06	2.36	0.29	0.69	-2.40	2.34	0.42	1.90
36	1.64	1.75	4.55	1.66	3.80	-0.02	0.78	1.70	3.63	-0.08	1.85




3



1



4








2

81.06.0006/01 T  
SYNI 1 OG 2


81.06.0006/01 T  
SYNI 3 OG 4

81.06.0006/01 T  
SYNI 3 OG 4







一







5




၃




一







23




25




21




22




36



28



32



## SKÝRINGAR / LEGEND

### JARDGRUNNUR / SUPERFICIAL DEPOSITS

- BOTNRUBNINGUR EðA ÓGREINDUR JÖKULRUENINGUR / BOTTOM TILL OR UNCLASSIFIED TILL
- LEYSINGARRUDNINGUR EðA JÖKULGARDAR / ABLATION TILL OR END MORAINES
- JÖKULÁRSET / FLUVIOGLACIAL DEPOSITS
- ÁRSET / FLUVIAL DEPOSITS
- MÝRAR / BOGS

### BERGGRUNNUR / BEDROCK

ÖHULINN BERGGRUNNUR MED BOKSTAFATÁKNI FYRIR BERGERD / UNCOVERED BEDROCK WITH LETTER SYMBOL FOR BEDROCK TYPE

B0 ÓGREINT BASALT / UNCLASSIFIED BASALT  
M0 ÓGREINT MÓBERG / UNCLASSIFIED HYALOCLASTITE.  
STÓRIR STAFIR (B0) EIGA VID HEILAR KORTEININGAR, EN LITLIR (Bo)  
EINSTAKAR OPNUR. STÓRT BERGGRUNNSTÁKKI Á LITUDUM GRUNNI MERKIR AD  
VIÐOMANDI SET SE PUNNT EÐA ÓSAMFELLT. / LARGE LETTERS CORRESPOND  
TO CONTINUOUS GEOLOGICAL UNITS, BUT SMALL LETTERS TO ISOLATED  
OUTCROPS. BEDROCK SYMBOLS SHOWN ON A COLOURED BASE INDICATES  
THAT CORRESPONDING DEPOSITS ARE THIN OR DISCONTINUOUS.

### ÞYKKT LAUSRA JARDLAGA / THICKNESS OF SUPERFICIAL DEPOSITS

- 5 SETID ER 5 m ÞYKKT / THE DEPOSIT IS 5 m THICK
- >5 SETID ER AMK 5 m ÞYKKT / THE DEPOSIT IS AT LEAST 5 m THICK
- 0.5F/>IG 0.5 m FOKSET OFAN Á A.M.K. 1 m AF JÖKULÁRSETI /  
0.5 m OF EOLIAN DEPOSITS ON TOP OF AT LEAST 1 m OF GLACIOFLUVIAL  
DEPOSITS
- Á ÁRSET / FLUVIAL DEPOSITS, F FOKJARDVEGUR / EOLIAN SOIL
- G JÖKULÁRSET / GLACIOFLUVIAL DEPOSITS, J JÖKULRUENINGUR / TILL
- V VATNASET / LACUSTRINE DEPOSITS, T TORF / TURF

### ÖNNUR TÁKN / OTHER SYMBOLS

- JÖKULRÁKIR A ELZT B YNGRI C YNGST /  
GLACIAL STRIAE A OLDEST B YOUNGER C YOUNGEST
- JÖKULKEMBUR / FLUTED MORAINES
- STRANDLÍNA / COASTLINE
- PURF FARVEGUR GRAFINN Í LAUS JARDLÖG /  
DRY CHANNELS CUT IN SUPERFICIAL DEPOSITS
- MALARÁSAR / ESKERS
- FLEYGSRUNGANET / PATTERNED GROUND
- HJALLI / TERRACE
- JARDVEGPSPEKJA / VEGETATION COVER
- 40 JARDGRUNNSSNIÐ / SOIL PROFILE

### RÄDGERT MANNVIRKI / PROPOSED ENGINEERING STRUCTURES

- STÍFLA / DAM
- SKURÐUR / CANAL
- 480m HÆÐARLÍNA (ÁÆTLUD MESTA LÓNHAÐ 478,2 m.o.s.l.)
- 480m CONTOUR LINE (PROPOSED MAX. WATER LEVEL 478.2 m.o.s.l.)

# BLÖNDUVIRKJUN

## JARDGRUNNSKORT AF LÓNSTÆÐI

Ingibjörg Kaldal og Skúli Vikingsson

